

STARFSSKYRSLA SKÓGARVARDARINS

Á

VESTURLANDI ÁRIÐ 1946.

## STARFSSKÝRSLA

### Girðingar.

1. Hvammsgirðing í Norðurárdal 3.2 km á lengd. Girðingin liggur ofanvert við þjóðveginn, í hliðinni fyrir vestan Hvamm.

Landið er kjarrivaxið að mestu, hæstu hríslur um 2.5 m. Landið er mjög hálent og liggur á móti suðri. Gróður mjög fjölbreyttur. Girðingin er sexþætt gaddavírsgirðing og 4 m á milli staura. Allir staurar eru úr riðvörðu járn.

2. Barmahlíðargirðing í Reykhólasveit er 1.7 km að lengd. Girðingin er í Barmahlíðinni ofanvert við þjóðveginn. Landið er kjarrivaxið að mestu, hæstu hríslur um 2 m. Fjölbreyttur gróður er í landinu og ber mest á aðalbláberjalyngi, enda mikið af berjum.

Kvenfélagið Liljan í Reykhólasveit, ásamt U. M. F. Aftureldingu í sömu sveit önnuðust á eigin kostnað vinnu við girðinguna að undanskyldum verkstjórallaunum, er Skógrækt ríkisins greiddi ásamt girðingarefni og flutningskostnaði öllum.

3. Hofstaðagirðing í Miklaholtshrepp er um 800 m að lengd. Landið er kjarni vaxinn ás, sunnanvert þjóðvegarins í landi Hofstaða í Miklaholtshreppi.

Kvenfélagið í Miklaholtshreppi annaðist að hálfum hluta uppsetningu girðingarinnar.

### Græðireitur.

Í græðireitnum eru 8000 birki 2ja ára dreifpl. Auk þess 2000 birki 3ja ára er dreifplantað verður næsta vor, en er grafið í mold í vetur,

Birkisáðbeð eru að flatarmáli 200 m<sup>2</sup> og 40 m<sup>2</sup> reynifræ.

Auk þess 15 m<sup>2</sup> sitkagreni. Söluhæft birki er 1500, reynir 50 og þingvíðir 150.

Aðrar framkvæmdir.

Sáð var grasfræi og melfræi í 1. ha lands í Snorra-  
staðagirðingu. Landið var heffað á "Jeppbíl" með hank-  
mó-herfi.

Áburðarmagn á ha var: 50 kg kalí 50 kg superfosfat  
og 50 kg ammoniaksaltpétur.

Reitnum var skift í 3 jafna hluta og voru tegund-  
irnar er sáð var:

Melfræ, Tunvingull, Hávingull.

Sáningartími var 11. júlí.

19. sept var vöxtur er hér greinir:

Melfræ hæð 7 cm gisið.

Tunvingull 2-4 cm þétt.

Hávingull 2-4 cm sæmilega þétt.

Tíðarfar var mjög óhagstætt, miklir þurkar og  
stormar allan tímann frá sáningu og fram á haust.

Ferðalög:

Ég var 140 daga fjarverandi frá heimili mínu í  
Þrindum skógræktarinnar á árinu 1946.

Í júlí fór ég vestur í Reykhólasveit til að athuga  
Barmahlíðargirðingu.

Í þessari ferð athugaði ég skógarleifar af skógum  
við Þorskafjörð - fæðingarstað Matthiasar Jockhumssonar.

Eignandi skóga, Sesselja Guðmundsdóttir vill láta  
af hendi allstórt land til friðunnar, og leggja fram að  
auki fjármagn til girðingarframkvæmda.

Í sept fór ég ásamt Vigfúsi Jakobssyni skógfræðingi  
að Hvammi í Dölum, og í Búðardal.

Athugaði ég girðingarstæði á báðumstöðunum.

Í sept. fór ég eftirlitsferð vestur í Búðahraun.  
Í Kolbeinsstaðahrepp fór ég margar ferðir til eftirlita  
með Snorrastaðagirðingu.

Í okt. fór ég vestur í Miklaholtshrepp og mældi

fyrir Hofstaðagirðingu og réði menn til verksins.

Til Reykjavíkur fór ég nokkrar ferðir í erindum skógræktarinnar.

Auk þessara ferða er að framan greinir fór ég margar ferðir um Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til eftirlita með girðingum og skóglendum.

Mörgum fyrirspurnum bréfléga og munnlega hefi ég svarað viðvirkjandi skógrækt.

Miklar eftirspurnir eru ávalt um girðingar og verður ekki hægt að fullnægja þeim eftirspurnum næstu árin nema með stóru auknum fjárframlögum frá því sem nú er.

Margir bændur bjóða fram stór og falleg lönd til skógræktar - kvaðalaus um ókomin ár, án nokkurs endurgjalds. Hafa margir bændur látið þau orð falla við mig að eþeim væri vel góldið landið ef Skógrækt ríkisins vildi rækta þar skóg, betri en þann sem fyrir er.

Beigalda í janúar 1947.

Daníel Kristjánsson.